

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1991/2004

frá 19. nóvember 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinnna vínafurða

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, einkum 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽²⁾, að því er varðar tilgreiningu innihaldsefna í matvælum, kveður á um það í fyrsta málslíð 3. mgr. a í 6. gr. að tilgreina beri sérhvert innihaldsefni, sem um getur í III. viðauka a við þá tilskipun, á merkimiða drykkjarvara sem í er 1,2% eða meira af alkóhóli miðað við rúmmál.
- 2) Að því er varðar vörurnar, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, er kveðið á um það í annarri málsgrein a-liðar 3. mgr. a í 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB að heimilt sé að samþykkja nákvæmar reglur um framsetningu innihaldsefnanna, sem um getur í III. viðauka a við þá reglugerð, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999.
- 3) Í fyrstu málsgrein D-þáttar VII. viðauka og fyrstu málsgrein F-þáttar VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er mælt fyrir um að upplýsingar á merkimiðum verði að vera á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalagsins þannig að neytandi geti auðveldlega skilið einstaka upplýsingaliði.

4) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 ⁽³⁾ til samræmis við þetta.

5) Þessi reglugerð kemur til framkvæmda 25. nóvember 2004, sem er lögleiðingarfrestur tilskipunar 2003/89/EB.

6) Stjórnarnefndin um vín hefur ekki skilað álitum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 753/2002 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað annars málslíðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Þó mega lögboðnar upplýsingar innflytjanda, númer framleiðslueiningar og innihaldsefnin, sem um getur í 3. mgr. a í 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB, koma fram utan hins sýnilega flatar þar sem aðrar lögboðnar upplýsingar koma fram.“

b) eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Ef eitt eða fleiri af innihaldsefnunum sem skráð eru í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB er að finna í einni af afurðunum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, skal tilgreina þau á merkimiða og setja á undan þeim orðið „inniheldur“. Eftirfarandi heiti má nota fyrir súlfit: „súlfit“ eða „brennisteinsdíoxíð“.“

2. Í stað 2. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 1. og 3. mgr. 3. gr. gilda, að breyttu breytanda, um þær lögboðnu upplýsingar sem um getur í 12. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 25. nóvember 2004.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2003 (Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 13).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/89/EB (Stjtið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 15).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 908/2004 (Stjtið. ESB L 263, 10.8.2004, bls. 11).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. nóvember 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.
